



Hafnarfirði 31.12.2016

## Árskýrsla SÍH fyrir árið 2016

### **Stjórnarstarf**

Engin breyting varð á stjórn SÍH á síðasta aðalfundi.

### **Daglegur rekstur**

Átta stjórnarfundir voru haldnir á árinu.

Daglegur rekstur félagsins var með svipuðu sniði og áður þar sem bókhald félagsins var uppfært mánaðarlega og niðurstaðan kynnt á stjórnarfundum.

Í lok árs var ráðist í að færa gagnagrunn félagsins yfir á nýtt vistunarsvæði sem heitir SharePont og er hluti af Microsoft office 365.

Gamla kerfið sem er í Access mun þó væntanlega vera notað eitthvað áfram til að halda utan um tiltekin hluta upplýsinga og fjárhagsbókhald félagsins.

### **Árangur keppnisfólks SÍH**

Árangur af kvennastarfi SÍH var einstakur á árinu 2016 þar sem félagið átti alla titla sem í boði voru í haglagreinum í kvennaflokki.

Kvennasveit SÍH hlaut Íslandsmeistaratitilinn í Norrænu trappi á nýju Íslandsmeti með þeim Hrafnhildi Hrafnkelsdóttir, Anný Björk Guðmundsdóttir og Ester Ýr Jónsdóttir innanborðs.

Hrafnhildur Hrafnkelsdóttir varð jafnframt Íslandsmeistari kvenna á nýju stórglæsilegu Íslandsmeti.

Kvennasveit SÍH í skeet með þeim Helgu Jóhannsdóttir, Anný Björk Guðmundsdóttir og Hrafnhildi Hrafnkelsdóttir hlaut Íslandsmeistaratitilinn í skeet

Helga Jóhannsdóttir sem varð jafnframt bæði Íslands- og Bikarmeistari í skeet, jafnaði og setti nýtt íslandsmet á árinu.

Hjá körlunum var uppskeran þrjár Íslandsmeistaratitlar.

Karlasveit SÍH varð Íslandsmeistari í Norrænu trappi en hana skipuðu Jakob Þór Leifsson, Eggert Bergsveinsson og Pétur T Gunnarsson. Jakob Þór Leifsson varð jafnframt Íslandsmeistari í greininni.

Marinó Eggertsson varð Íslandsmeistari í unglingsaflokki í skeet.

### **Keppnisferðir erlendis**

Keppnisfólk SÍH tóku þátt í Skandinavia open og Ladies Grand Prix og stóðu sig að venju með stakri þrýði.

### **Félagatal**

Gefin voru út 113 félagsskírteini á móti 103 árið áður. Á árinu gengu 19 nýir meðlimir í félagið á móti 16 nýliðum árið áður.

### **Skýrsla mótanefndar**

Samkvæmt venju hélt SÍH fyrsta landsmóts ársins en auk þess tók SÍH að sér að halda bæði Íslandsmót í skeet og Norrænu trappi.

SÍH open var á sínum stað, haldið fyrstu helgina í júlí. Keppt var bæði í skeet og N-trappi. Þátttakendur í skeet voru 31 og í NT voru þeir 10.

Fjórir þátttakendur komu frá Englandi, fjórir frá Færeyjum og einn frá Grænlandi.

Samtals voru 92 skráningar keppnismanna SÍH á 15 opin- og landsmót á móti 74 skráningum á 14 mót árið 2015.

### **Innanfélagsmót**

Innanfélagsmótin voru fimm talsins þar sem keppt var bæði í skeet og NT þar sem samtals 70 þátttakendur voru skráðir til leiks á móti 33 þátttakendum á síðasta ári á jafn mörgum mótum.

Á lokamóti SÍH sem haldið var í september varð Sigurþór Jóhannesson Skotmaður SÍH í skeet og Marinó Eggertsson varð Skotunglingur SÍH í Skeet. Engin kona tók þátt að þessu sinni.

Kristinn Gísli Guðmundsson varð Skotmaður SÍH í Norrænu trappi en enginn unglingur né kona tóku þátt í Norrænu trappi að þessu sinni.

Að venju var uppskeruhátíð SÍH haldin um kvöldið en þar sem stefndi í frekar fámenna hátíð að þessu sinn bauð formaður heim til kvöldverðar með tilheyrandi afhendingum viðurkenninga fyrir góðan árangur.

## **Skýrsla fræðslunefndar**

Árlegur fundur æfingastjóra var haldinn í mars. Þar var að venju farið yfir ábyrgð, skyldur og verklagsreglur æfingarstjóra.

Eitt byrjendanámskeið var haldið á árinu þar sem þátttakendur voru aðeins þrír.

Fræðslunefnd hélt fund og gerði greiningu á áhuga félagsmanna fyrir fræðslu, námskeiðum og kynningum og lagði síðan fyrir metnaðarfulla dagskrá fyrir næsta ár.

## **Skýrsla fjárhagsnefndar**

Félagið fékk að venju fastan rekstrarstyrk frá Hafnarfjarðarbæ auk styrkja vegna Íslandsmeistaratitla í sveitakeppnum. Auk þess fær félagið kennslu- og lottóstyrki frá ÍSÍ.

Þó nokkrar fjárfestingar voru á árinu í vélum og hugbúnaði fyrir Iðavelli. Viðhalds- og fjárfestingaráætlun gerði ráð fyrir að farið yrði í framkvæmdir á lélegu gólfi í félagsheimilinu en því var frestað á kostnað nýrra skeet véla í stað elstu véla félagsins.

Þó það væri ekki á viðhaldsáætlun þessa árs að endurnýja umhalds- og greiðslukerfi á Iðavöllum var samt ákveðið að fjárfesta í nýju kerfi þar sem það gamla var sprungið og mikil óvissa að fara að þrjóna við það einhverjar viðbætur með efasemdir um kostnað og árangur. Samhliða nýju kerfi var ákveðið að leggja niður alla styrki til keppnismanna vegna þátttöku í mótum en þess í stað kaupa keppnismenn dúfur á lægra verði en almennir félagsmenn.

## **Skýrsla skemmtinefndar**

Árshátíð félagsins var haldin að loknu árlegu innanfélagsmóti á skírdag og var vel sótt.

Ef einhverjir geta komið fólki á óvart þá eru það þeir félagar í skemmtinefnd SÍH, þeir Sigurður Jón Sigurðsson og Gunnlaugur Sigurjónsson með Hörð Smára Sigurðsson í fararbroddi.

Síðastliðin ár hafa þeir boðið félagsmönnum SÍH upp á ólíklegustu skemmtiatriði með einstökum skemmtikröftum. Að þessu sinni er hægt að fullyrða að þessir frábæru félagar okkar geta hugsað út fyrir boxið og gott betur. Mikil leynd hvíldi yfir aðal skemmtiatriði kvöldsins, búið að tjalda fyrir stærstan hluta samkomusalarins á Iðavöllum með svörtu tjaldi þannig að enginn gat séð það eða þá sem þar voru að undirbúa sig fyrir uppákomu kvöldsins.

Að loknum fordrykk var húsinu læst og gestum boðið að ganga inn fyrir svarta tjaldið. Og viti menn! Þar sátu þau Gunnar Kvaran

sellóleikari og Elísabet Waage hörpuleikari með hljóðfærin sín í fanginu, tilbúin til að halda tónleika fyrir veislugesti.

Það var sterk upplifun að sitja aðeins rúman metra fyrir framan þessa frábæru listamenn og hlusta á þá undurföggu tóna sem þau létu líða um Iðavelli á þessari stórkostlegu stundu.

### **Skýrsla vallarnefndar**

Keyptar voru tvær nýjar skeet kastvélar sem leysa af hólmi fyrstu vélar félagsins frá 1988. Þær gömlu hafa þó ekki lokið hlutverki sínu því annarri var komið fyrir niðri í turninum og hinnni uppi í markinu á gamla skeet vellinum. Þar koma þær til með að vera notaðar til að auka fjölbreytni við æfingar og kennslu.

Einnig var keypt ný vél fyrir N-trapp, sú vél á að koma í staðinn fyrir þá sem fyrir er á NT vellinum. Sú gamla mun að öllum líkindum verða staðsett við hliðina á þeirri nýju til að bjóða upp á tvöfaldar bakdúfur.

Aðstaðan við litla trapp völlin var bætt verulega með því að byggja veglegan pall aftan við vélarhúsið. Þessi bættu aðstaða hefur margfaldað notkunina á þessum stað, enda einstaklega hentug til æfinga fyrir alla getuhópa. Ef vinsældirnar verða áfram þær sömu er spurning hvort ekki þurfi að íhuga endurnýjun á vélbúnaði sem er kominn til ára sinna og var upprunalega ekki ætlaður fyrir svona mikla notkun.

Nýtt umhalds- og greiðslukerfi var keypt frá DueMatic og verður tekið í notkun í upphafi nýs árs. Þessi fjárfesting á að einfalda og auðvelda verulega allt umhald og uppgjör bæði fyrir æfingastjóra og vallarnefnd. Með nýja kerfinu kaupa þátttakendur áfyllingu á greiðslukort í stað þess að kaupa miða eins og áður. Þar til gerðir kortalesarar eru á öllum fjórum skotvöllum sem draga 25 dúfur frá inneign viðkomandi þegar hann setur kortið sitt í lesarann til að geta skotið.

### **Ritnefnd**

Uppsetning á vefsetri félagsins var óbreytt á milli ára.

Eins og áður er lögð áhersla á að allar upplýsingar um félagið og starfsemi þess séu aðgengilegar fyrir félagsmenn og aðra gesti heimasíðunnar.

Mest skoðaða síðan á vefsetrinu 2016 var „Gæðahandbókin“ sem var heimótt 2138 sinnum á árinu.

Fyrir hönd stjórnar SÍH  
Ferdinand Hansen